

Fundargerð Stjórnar FASK

2 fundur. 22. September 2020 kl 15:30

Fundinn sátu: Laufey Guðmundsdóttir, Anna María Kristjánsdóttir, Bergþóra Ágústsdóttir, Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir (í síma) og Haukur Ingi Einarsson

Fundargerð ritaði: Haukur Ing Einarsson

1. Haukur og Bergþóra gerðu grein fyrir vinnu sem fram hefur farið vegna skipulagningar á vinnufundi og könnun sem er í undibúningi í samvinnu með Nýheimum og SVH. Fram kom að vinnunni miði vel áfram og að búið væri að útbúa bréf til að kynna vinnufundinn og könnunina meðal ferðaþjónustuaðila á svæðinu. Einnig að búið sé að gera drög að könnun sem lögð verður fyrir ferðaþjónustuaðila. Samþykkt var að senda umrætt bréf út til félagsmanna með tölvupósti og fullklára könnun í samstarfi við Nýheima og senda út n.k fimmtudag.
2. Haukur gerði grein fyrir fundarboði með SVH, Ríki Vatnajökuls, Sigurðar Inga, Sveitar stjórnarráðherra og Silju Daggar Gunnarsdóttur sem koma á fund SVH til að kynna sér m.a stöðu ferða þjónustufyrirtækja á svæðinu. Haukur óskaði eftir tillögum og ábendingum um það sem FASK getur lagt til fundarins.

Umræður sköpuðust um það sem mikilvægt er að ræða um á fundinum og snérust málefnið helst að úrræðum stjórnvalda fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu og ráðstafanir á landamærum Íslands.

Fram kom m.a að svo virðist sem úrræði stjórnvalda fyrir minni fyrirtæki dugi skammt og eru óljós í framsetningu.

M.a var bent á að samkvæmt samtölum aðila við bókhaldsþjónustur svo sem Deloitte þá sé eigendum fyrirtækja óheimilt að sækja um greiðslu launakostnaðar á uppsagnarfresti, þrátt fyrir að fyrirtækin falli undir öll viðmið styrk veitingarinnar af hálfu stjórnvalda. Bent var á að þegar sótt er um styrk fyrir greiðslu á uppsagnarfrest fyrir starfsmenn komi ekki fram annað en að frumskilyrðum sé uppfyllt. Eigendur eru einnig launamenn og það að missa meira en 75% af tekjum fyrirtækja breytir getu fyrirtækja ekki til greiðslu launa óháð hvort launamaður er eigandi eða venjulegur starfsmaður.

Fram kom einnig að hlutabótaleiðin hafi verið góð að því leiti að ekki hafi þurft að koma til uppsagna, hinsvegar hafi það orkað tvímælis að ekki væri hægt að nýta starfskrafta starfsmanns a.m.k að hluta til meira en sem nemur þeim hluta sem fyrirtæki greiða og VMST. Ef lítið er á ástandið sem tímabundið þá sé það hagur allra aðila máls að framtíðar störf séu tryggð sem best, þannig að langtíma hagsmunum hins opinbera, starfsmanna og fyrirtækja fari saman. Augljósar afleiðingar eru af því ef störf tapast til lengri tíma og líkleggra að fyrirtæki lifi af ef hægt er að nýta starfskrafta meira en leyfilegt var þegar hlutabótaleiðin er farin. Æskilegt

hefði verð að fyrirtækin fái styrk til að halda störfunum á hlutabótaleiðinni og fengið leyfi til að nýta starfskrafta viðkomandi starfsmanns meira en raun ber vitni.

Tengt þessu kom fram að stærri fyriræki sem hafa marga starfsmenn hafi það reynst þeim auðveldara að nýta hlutabótaleiðina þar sem hægt var að manna samfelldar vaktir. Það sé ekki í boði fyrir fyrirtæki sem hafa t.d bara 1 - 2 starfsmenn að manna vaktir á 25% eða 50% hlutabótaleið, eftirspurn þjónustu/vöru var takmörkuð og því þurfti að hafa verulega mikið fyrir tekjum sem tryggt gátu áframahaldandi rekstur félaga.

Bent var á mikilvægi þess að allir sem fara í seinni skimun fái staðfestingu á hvort þau séu neikvæð eða jákvæð. Mikilvægt er fyrir t.d ferðaþjónustuaðila að geta athugað hvort viðkomandi aðili sem gistir/kemur í ferð eða borðar á matsölustað geti gengið út skugga um að aðili hafi farið í seinni skimun og fengið neikvætt.

Umræður sem komu fram á facebook spjalli eftir yfirllestur.

Ágúst benti á mikilvægi þess að opna aftur á 25% hlutabótaleiðina til að tryggja störf fyrirtækja. Bent er á að starfsmenn geti m.a unnið að markaðsmálum hjá sýnu fyrirtæki, þrátt fyrir að lokað hafi verið fyrir tekjumöguleika félagsins. Um leið hjálpað til við að viðhalda þekkingu innan fyrirtækja ásamt því að kynna Ísland. Þegar opnast aftur á eðlilegt ferðafrelsi þá sé mikilvægt að einhver fyrirtæki og þekking starfsmanna sé til staðar til að hjálpa til við að reysa efnahagslífið við aftur.

Fundi slitið: 16:40